

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um ýmisleg atriði, er snerta gjaldprotaskipti, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894 (A. nr. 7, bls. 46, 48, 50, 52, 54, 56, 58 og 60; þýðing bls. 47, 49, 51, 53, 55, 57, 59 og 61).

Lög um vegi, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 8, bls. 62, 64, 66, 68 og 70; þýðing bls. 63, 65, 67, 69 og 71).

Lög um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvænnalaga 17. desbr. 1875, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 9, bls. 72; þýðing á bls. 73).

Lög um vidauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, ljúsi o. fl., undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 10, bls. 74; þýðing á bls. 75).

Lög um samþykktir til að fríða skóg og mel, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 11, bls. 76 og 78; þýðing á bls. 77 og 79).

Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 12, bls. 80 og 82; þýðing á bls. 81 og 83).

Lög um fuglaveidasamþykkt í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 13, bls. 84 og 86; þýðing á bls. 85 og 87).

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri, undirskrifuð af konungi 13. apríl 1894, (A. nr. 14, bls. 88; þýðing á bls. 89).

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um staðfesting á kaupmála milli hjóna. — Samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Island hefur hans hátígn konunginum hinn 24. f. m. allra mildilegast þóknast að ákveða, að það sje eptirleidis á hendur falið landshöfðingjanum yfir Íslandi, að veita leyfisbrjef þau, er með þeim konungleg staðfesting er veitt á kaupmála milli hjóna¹⁾. 32
27. febr.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjád herra landshöfðingi, með skýrskotun til þóknanlegs brjefs yðar, dags. 7. sept. f. á., til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um mæling á uppsigling á Hvammsfjörð. — Eptir að hafa spurzt fyrir um það hjá sjóliðsstjórn ríkisins, 1. marz. hvort hún, gegn þeim 8000 krónum, er veittar eru til mælingar á uppsigling á Hvammsfjörð með fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 og af sýslusjóði Dalasýslu, sæi sjer fært á komanda sumri að láta framkvæma mæling á innsigling á nefndan fjörð, hefur ráðaneytið fengið það svar, að sjóliðsstjórnin sjái sjer ekki fært að láta gjöra mælingar þessar á þessu ári, með því að hana vanti kunnugleik á hinu umrædda svæði, svo að hún geti ekki gjört sjer vissa hugmynd um, hve langan tíma verkið mundi útheimta, og hve mikinn mannafla þyrfti til þess,

1) Staðfestingin er samkvæmt ákvæði í 2. gr. 8 í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 fyrst um sinn veitt *ókeypis*.